

Fundur 2.10.2023 Sveinn Haraldsson.

Komið þið blessuð og sæl, heilsum við ykkur og

*Vertu velkominn.*

Takk fyrir.

Finnst manni ævinlega of langt síðan maður kom í sambandið síðast og reynir að halda því við og er ég hér að venju staddur með vinum og kunningjum og fjölmörgu fólki í þessari stjörnusambandsstöð.

Og gleður það okkur að tala til ykkar frá þessu fjalli og eru þau ótal mörg atvikin sem maður vildi minnast á frá liðinni tíð, en rétt er að horfa fram á veginn og huga að því sem fram undan er og finnst mér margt gott hafa áunnist í starfinu hér á okkar hnetti og höfum við ævinlega hug á því að efla ykkur sem mest og fá ykkur með sem hægt er.

Og finnst mér það hafa verið gæfuríkt lífið sem ég hef átt á þessum hnetti og þó er margs að sakna frá gamla lifinu, gamla hnettinum og finnst mér það mikilvægt að halda því til haga að allir þeir sem komnir eru yfir um til okkar, frá ykkur, koma hingað reglulega og reyna að spyrjast fyrir um ykkur og leita leiða til að efla gamla félagið.

Og finna fleiri leiðir til að málefni þetta nái betri fótfestu og er það ánægjulegt að fólk skuli sína starfinu tryggð hér, sem komið er til okkar.

Er gott af mér að segja og finnst mér það mikil viðbrigði að sjá um börnin og eru þau nú komin á þann aldur að breytingar verða á áhugamálum og áhuginn á hinu kyninu.

Og er það mjög ánægjulegt að fylgjast með því gerast og hefur það gerst nýlega að móðir mín og systir og aðrir ættingjar hafa sýnt þessu málefni meiri áhuga og hafa snúist til baka úr sinni gömlu barnatrú.

Og tekur það að vísu langan tíma að útskýra þetta og segja má að sumt sé kvikult í þjóðfélaginu eins og samskiptin á milli þeirra sem vilja efla kirkjurnar hér litlu, og kapellurnar og vilja koma þeirri trú að og þeirra sem aðhyllast trúna á gömlu Goðin og eru hér fleiri.

Og voru hér deilur nýlega meðal þeirra sem starfa í stöðinni um viðhorf um hvernig samböndum er hleypt í gegn og finnst mér gott að segja frá því að Guðirnir veittu liðsinni og veittu nokkrum gömlum Nýalssinum eflingu, þannig að þeir gátu staðið á máli sínu og komið ákveðnum helstefnu öflum frá og veit ég nú ekki hvernig ég á að lýsa því nánar.

En ég nýt þess mjög að fara í göngutúra og hjóla öðru hvoru og er nú farinn að svífa hér eins og fleiri og hef ferðast nokkuð um hnöttinn, sérstaklega nú hin síðari ár, eftir að auðveldara var með uppeldið og lífið komst í fastari skorður.

Þau sambönd sem við höfum skipulega leitast eftir, hafa borið ávöxt og var það mikil framför að fá Hauk í hópinn til okkar frá ykkur, því hann var öflugur í því að stilla til sambands við Gyðjurnar.

Sveinn Haraldsson.

*Blessaður Sveinn, velkominn.*

Það er orðið nokkuð langt síðan ég kom í sambandið og vildi aðeins láta í mér heyra.

*Sveinn, ég hef verið að bíða eftir þér,*

Já.

*Að spyrja um ákveðin hlut sem þú ætlaðir að segja okkur, þegar hann Pétur var hér með okkur á fundinum, þá ætlaðir þú að segja okkur hvernig þið fjarskynjið til okkar, en hann heyrði nú ekkert en truflaði svo fundinn, getur þú komið inn á það?*

Já hvernig við fjarskynjum, það eru margar leiðir til þess, það er í fyrsta lagi í gegnum augu ykkar vakandi, þegar þið eruð draumgjafar okkar og svo er nokkuð sem vísindamenn eiga eftir að uppgötva, kann nú ekki að lýsa því í smáatriðum.

Hrafnar Óðins voru nefndir svo, og áttu þeir að bera upplýsingar heiminn á milli og milli hnattanna og það mun vera meira til í því, en í fyrstu virðist.

Þeir kalla það ÖRUR, einhvers konar lífverur sem eru ósýnilegar mannfólki en byggjast á samspili einda loftsans og þannig fylgist einstaklingurinn með þegar hann yfirgefur líkamann og sér það eins og utan frá, en það er eins og með myndavélakerfi sem þið eruð að þróa í ykkar samfélagi og menningu að við höfum ekki fulla stjórn á því og það eru misnæmir einstaklingar, mismunandi skilyrði þar sem við erum með nokkurs konar myndvarpa, við höfum komið inn á það áður er það ekki?

Í samböndunum.

*Neei ekki kannast ég við það.*

Ja sko sjónvarps tæknin hefur þróast hér lengra hjá okkur og það þótti, þið eruð með þetta sem þið kallið breiðvörp, næ ekki alveg orðinu,

*Internetið eða það?*

Stóra sjónvarpsskjái er það ekki?

Stærri en þegar ég var, er það ekki rétt skilið?

*Jú, jú, flatskjái.*

Já, já, það er framhald af því.

*Þú varst nú með dálðið stórt sjónvarp á sínum tíma.*

Já, já einmitt.

*Það er lítið í dag miðað við þessi stóru.*

Já, já, ég á við það. Maður er nú farinn að ruglast í þessum orðum öllum.

Það er ekki lengur notast við þá hjá okkur þessi tæki, það fylgir í geislanum að þetta loftið þannig að myndin skýrist.

*Já já.*

Hægt að varpa því upp hvar sem er. Og það er ekki notað frá og það er ekki leyfilegt, og það er mismunandi hver hefur aðgang að þessu efni, ef svo má segja og mismunandi hæfileikarnir.

En það er aðeins fyrir suma að fá skýra mynd af því sem gerist hjá ykkur og það þarf stundum að túlka það, það getur verið mis, það er tengt því hvernig draumarnir eru skráðir hér hjá okkur, já það er ekki ósvipað.

En hjá sumum fylgir ekki hljóðið með, það er en já, við skynjum ýmislegt.

*Eru þið með mynd af okkar fundi núna hjá ykkur?*

Já við erum með nokkurs konar, já fylgjumst með því já, gerum það æfinlega.

Já.

*Og hafið þið tækni til að skrá drauma ykkar?*

*Svona með stafrænum hætti, einhverskonar?*

Já, já það er rétt.

Og það er búið að vera í nokkurn tíma og mjög mikilvægt að skrá það og það eru ekki eins harðar reglur um það.

Þar sem það er almennara það sem fram kemur, heldur en það sem gerist í ykkar daglega lífi og það þykir mjög mikilvægt að þroska draumrannsóknirnar og túlka þetta rétt en svo eru hér líka margir sem hafa ekki áhuga á því og bara sinna einhverju öðru.

*Er það þá þannig að þekkingin á eðli draumsambandsins sé ekki alveg almenn á ykkar hnetti?*

Hún er ekki almenn, ekki frekar en hugmyndirnar um framlífið, það má segja að það séu hér fjölmargir þjóðfélags hópar sem hverfa aftur í gamla farið, ætli sé ekki ágætt að orða það þannig.

Og það er eins og mótstaðan sé mikil þegar, þetta þykir svo flókið svo mörgum að því er ekki veitt athygli sem skyldi.

En já, það er gott að þú komst inn á þetta, vegna þess að þekkingin á draumsambandinu er ekki alveg almenn, að það er já það er undir hverjum og einum komið og svo er það að fólk átta sig nú á þessu fljólega þeir sem koma hingað, það er líka fjallað um þetta í menntun og slíku en svo eru ýmsir þjóðfélags hópar og þjóðir og ýmislegt og þetta er svona misjafnt.

Og það er merkilegt að það hefur ekki komið skýrt fram áður, en þess vegna er starf okkar í stjórnusambandsstöðvunum svo mikilvægt til þess að halda orkunni gangandi og halda þekkingunni á lofti og vinna á móti helstefnu áhrifum þar sem þau eru á okkar hnetti eins og annars staðar víða.

En það má nú sjást í því hversu auðveldara fólk á með að svífa þar sem þekkingin er á góðu og háu stigi að það hefur mikil áhfrif á líforku og velmegun og minni þörf á mat og drykk og öðru slíku.

Já margt af þessu vissi ég ekki fyrr en ég kom hingað og var mér sífellt undrunarefni og það er eins og þegar ég kemst í sambandið þá nái ég ekki í gegn nema nokkru af því sem ég ætlaði mér að koma á framfæri um.

Ég hlusta af athygli þegar þið talið um að fá fleiri miðla við erum mjög ánægðir með að þið hafið þennan miðil og gengur vel, en munum einnig styðja fleiri tilraunir, það er nú, orkan er nú eitthvað að minnka og held ég verð að kveðja brátt.

Ég ætla að kveðja ykkur og enn sendum við kveðjur Nýalssinnar, verið þið sæl.

*Vertu blessaður. Við biðjum að heilsa líka.*

Takk fyrir.